

**Mál nr. 119/2022****Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: Erlent félag (V1) og (V2).****Heiti váttryggingar: Sjúkdómatrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot móttækið 19. apríl 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 3. maí 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M móttæknar 29. apríl 2022 og 27. júní 2022.

**Málsatvik.**

Í læknafréfi, dags. 15. mars 2021, kemur fram að M hafi, stuttu eftir bólusetningu vegna Covid, leitað á bráðamóttöku. Hafi hún m.a. verið með málstol og minnisskerðingu. Hafi M verið greind með heilahimnubólgu af óþekktum toga, og atvikið tilkynnt til Lyfjastofnunar sem möguleg aukaverkun af bóluefni. Í athugasemdum M kemur m.a. fram að ekki hafi verið framkvæmdar miklar rannsóknir og engin skýring fundist á veikindum hennar, en að hún hafi fengið sýklalyf og stera í framhaldi þess. Hafi hún verið frá vinnu í rúmlega ár vegna þessara veikinda en vonist eftir betra starfsþreki með tímanum. Krefst M bóta úr váttryggingum sínum hjá V1 og V2.

V1, sem er erlent váttryggingafélag, hafnaði kröfu M, með tölvupósti dags. 7. febrúar 2022, á grundvelli þess að váttryggingin veitti aðeins vörn vegna ákveðinna sjúkdóma og veikindi M féllu ekki þar undir. Meðfylgjandi svari V1 til M voru skilmálar umræddrar váttryggingar þar sem fram kemur að meðal þess sem er bótaskyldt sé heilahimnubólga af völdum bakteríu: „Skýr greining ráðgefandi taugasérfræðings á heilahimnubólgu vegna bakteríusmits sem leiðir af sér varanlegar taugaskemmdir. Önnur afbrigði sjúkdómsins, að heilahimnubólgu vegna vírusmits meðtalinni, eru sérstaklega undanskilin.“

Í bréfi V2, sem hafnaði kröfu M með tölvupósti 2. febrúar 2022, til nefndarinnar kemur fram að bótaskyldir sjúkdómar séu tæmandi taldir í skilmálum umræddrar váttryggingar og heila- og mænuþólga séu ekki bótaskyldir sjúkdómar. Þar af leiðandi sé bótaréttur M, sem hafi ekki greinst með bótaskyldan sjúkdóm, ekki til staðar.

**Álit.**

V1 er, eins og áður segir, erlent váttryggingafélag. Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum starfar á grundvelli samþykktar nefndarinnar sem fela í sér samning milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Neytendasamtakanna og Samtaka fjármálafyrirtækja. Samkvæmt 2. gr. samþykktanna heyrir váttryggingafélög, og eftir atvikum aðrir dreifingaraðilar váttrygginga, sem eru aðilar að Samtökum fjármálafyrirtækja, undir nefndina. Að öðrum kosti geta váttryggingafélög eða dreifingaraðilar óskað eftir því að mál sem falli undir starfssvið nefndarinnar fái umfjöllun og niðurstöðu hennar. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður ekki séð að slík ósk eða samþykki liggja fyrir og verður því að vísa kröfu M á hendur V1 frá nefndinni á grundvelli a-liðar 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála, sbr. 3. mgr. 4. gr. áðurnefndra samþykktar, þar eð ágreiningur aðila fellur ekki undir lögsögu nefndarinnar.

Krafa M á hendur V2 verður hins vegar tekin til efnislegrar úrlausnar. Hvað varðar veikindi M þá segir í áðurnefndu læknafréfi dags. 15. mars 2021 að sjúkdómsgreining sé: „Other and unspecified symptoms and signs involving the nervous and musculoskeletal systems, R29.8 Encephalitis, myelitis and encephalomyelitis unspecified, G04.9.“ Þá segir einnig að um sé að ræða „Heilahimnubólgu af óþekktum toga.“ Af umræddu læknafréfi verður ekki ráðið að orsök veikindanna sé ljós, en atvikið var tilkynnt sem möguleg aukaverkun bólusetningar. Í skilmálum váttryggingar M hjá V2 er að finna, í 5. gr. skilmálanna um bótasvið, skilgreiningu á þeim sjúkdómum sem váttryggingin tekur til. Segir þar að heilahimnubólga af völdum bakteríusýkingar sé bótaskyld en hún er skilgreind sem svo: „Afráttarlaus greining bakteríusýkingar í himnum sem umlykja heila eða mænu og leiðir til varanlegs taugaskaða sem staðfestur er í a.m.k. 3 mánuði í kjölfar greiningar. Greiningin verður að vera staðfest af sérfræðingi í taugalækningum og studd með vexti sjúkdómsvaldandi baktería í ræktunum frá heila- og mænuvökva.“ Af þessu leiðir að svo bótaskylda sé til staðar á grundvelli þessarar skilgreiningar þarf að vera sýnt fram að framangreindir eiginleikar sjúkdóms séu til staðar og sönnunarbyrði þess hvílir á tjónþola. Af

málflutningi M er raunar ekki að fullu ljóst hvort hún byggir kröfu sína á því að um heilahimnubólgu, sem falli þá undir framangreinda skilgreiningu, hafi verið að ræða. Þar sem fram kemur í athugasemdum hennar að ekki hafi verið sýnt fram á með afgerandi hætti hvort um heilabólgu eða heilahimnubólgu hafi verið að ræða verður þó að telja að svo sé, en af skilmálum váttryggingarinnar verður ekki ráðið að hún taki til heilabólgu. Þar sem ekki liggur fyrir nefndinni staðfest greining á því að um bakteríusýkingu í himnum sem umlykja heila eða mænu og leitt hafi til varanlegs taugaskaða hafi verið að ræða verður ekki séð að bótaskylda á grundvelli framangreinds skilmálaákvæðis sé til staðar. Þá verður ekki ráðið að veikindi M, eins og þeim er lýst í fyrirbyggjandi gögnum, falli undir aðrar skilgreiningar váttryggingarskilmálanna á bótaskyldum sjúkdómum.

**Niðurstaða.**

Kröfu M á hendur V1 er vísað frá.

M á ekki rétt til bóta úr sjúkdómatryggingu sinni, hjá V2.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir